

Vegagerðin, Norðaustursvæði  
Helga Aðalgeirs dóttir,  
verkefnistjóri  
landslagsarkitekt  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. nóvember 2014

Tilvísun: UST20141000237/bs

## **Sprengisandsleið (26) milli Suður- og Norðurlands, mat á umhverfisáhrifum, drög að tillögu að matsáætlun. Umsögn**

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að tillögu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í lýsingu núverandi vegar kemur fram að á fyrstu 15 km vegarins köflum 07 og 08 er vegurinn uppbryggður með bundnu slitlagi. Ekki er gert ráð fyrir að nýta þessa kafla á nýjum Sprengisandsvegi. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir því í tillögu að matsáætlun af hverju þessi hluti vegarins verður ekki nýttur (þrátt fyrir einbreiðar brýr) í stað þess að taka „nýtt“ svæði undir veginn í ljósi þess að markmið Vegagerðarinnar er að nýta þau mannvirkjabelti sem fyrir eru. Í drögum er fjallað um ýmis atriði sem höfð verða að leiðarljósi við hönnun nýrrar Sprengisandsleiðar. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði: „Ekki er gert ráð fyrir vetrarþjónustu á Sprengisandsleið. Nýr vegur verður þó uppbryggður þannig að hann lokast síðar á haustin og opnast fyrr á vorin en núverandi vegur. Möguleg vetrarþjónusta er þó háð ákvörðun stjórnvalda.“ Umhverfisstofnun vill benda á að umfang vegarins ræðst að nokkru leyti af því hvort vegurinn verður byggður með vetrarþjónustu í huga. Sýnileiki mannvirkisins ræðst síðan af umfangi mannvirkis og staðsetningu. Stofnunin vill benda á að núverandi vegur er afar ófullkomíð mannvirkis sem hefur þó þann kost að vegurinn þornar og verður fær eftir vorleysingar um svipað leyti og viðkvæm náttúra á hálendinu fer að þola umferð. Umhverfisstofnun telur óvarlegt að ætla sér að efla ferðaþjónustu á hálendinu með því að auka umferð um svæðið haust og vor eða á þeim tíma árs sem land er hvað viðkvæmast. Fram kemur í drögum að vegurinn verði staðsettur í góðri fjarlægð frá háspennulínu yfir Sprengisand og þar sem ekki sést til hennar, þar sem það er hægt. Með því er talið að dregið verði úr sjónrænum áhrifum háspennulínunnar. Umhverfisstofnun bendir á að til þess að þessar forsendur gangi upp þá þurfi þessar tvær framkvæmdir að fara fram á sama tíma. Á bls. 23 er sýnt kennisnið vegarins ásamt öryggissvæði. Umhverfisstofnun telur að sýna eigi kennisnið þar sem vegurinn mun liggja í skeringum þar sem fram kemur hvernig ætlast er til að vegsvæðið sé fellt að landi. Umhverfisstofnun telur jákvætt að fjallað verði um stærstu skeringar sem námur. Til

frekari skýringar mætti sýna frágang þeirra með sniðum.

Á bls. 26 segir m.a. um aflagða hluta vegarins: „Haft verður samráð við landeigendur og sveitarstjórnir á svæðinu um hvað gera skuli við þá hluta núverandi vegar sem verða aflagðir, fjallað um forsendur þeirrar ákvörðunar og hvernig frágangi á þeim skuli háttar.“ Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að marka sér stefnu hvernig frágangi aflagðra vega skuli háttar. Hér er sérstaklega átt við þar sem stuttir vegbútar standa eftir næri nýjum vegum.

Í drögum segir um hljóðvist á bls. 29 „Þar sem Sprengisandsleið er víðast hvar langt frá byggð er ekki talin ástæða til að fjalla um hljóðvist og loftgæði.“ Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort líklegt sé að nýr vegur um Sprengisand vegna aukinnar umferðar stærri og minni bíla muni breyta hljóðvist frá því sem nú er. Bent skal á að í skilgreiningu víðerna segir m.a. á bls. 16: „Ósnortin víðerni er landsvæði sem er a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé þar að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu.“ Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir því hvernig sú breyting sem hér er fyrirhuguð á umferð um víðerni hálandis Íslands komi til með að hafa á hljóðvist og upplifun á hálandinu.

Ráðgert er að samnýta námur vegna framkvæmda við Sprengisandsveg og Sprengisandslínu og verður gerð grein fyrir slíku við mat á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda. Umhverfisstofnun telur að ef ekki verði af báðum framkvæmdum á svipuðum tíma ætti einnig að gera grein fyrir efnistöku vegna hvorrar framkvæmdar fyrir sig og hvort slíkt verklag myndi leiða til að önnur efnistökusvæði yrðu notuð. Þetta á sérstaklega við um Sprengisandslínu.

Umhverfisstofnun telur að lokum mikilvægt að horft sé til verndar hálandis Íslands og að ekki sé gengið á þá auðlind sem öræfaauðnin, víðernin og fjölbreytt landslag er. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gerð og ástand vega megi einnig nýta sem stjórntæki til stýringar ferðamanna um land sem þolir takmarkaðan ágang. Að mati Umhverfisstofnunar er ákveðin náttúruvernd fólgin í malarvegum þar sem slíkir vegir geta dregið úr aðsókn, auk þess sem rannsóknir hafa sýnt að sterkar vísbendingar eru um að í ferð um þá sé fólgin sérstaða þ.e eftirsóknarverð upplifun fyrir þá ferðamenn sem um þá fara. Umhverfisstofnun telur hins vegar að áhersla skuli lögð á viðhald og heflun malarvega m.a. til að sporna við utanvegaakstri. Því er mikilvægt að ástand lands og viðkvæm náttúra þess verði höfð í huga á hverjum tíma þegar ákveðið er hvort og hvernig ferðir eru skipulagðar inn á lítt röskuð svæði. Umhverfisstofnun minnir á að íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu varðandi vernd víðerna og birtist hún í ritinu Velferð til framtíðar en þar segir: „Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna...“

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur